



Slökkvilið Norðurþings
Norðurgarði 5. 640 Húsavík
slokkvilid@nordurthing.is

Húsavík 01.01.2024

Ársskýrsla 2023

Starfsemi slökkviliða er lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Sveitarfélögum ber að sjá um að starfsemi málaflokksins uppfylli þarfir samfélagsins hvað varðar búnað, aðstöðu og mannskapsumgjörð til þess að geta ráðið við þær áhættur sem í samfélaginu eru.

Starf slökkviliðsins er viðamikil og kemur að öllum þáttum viðbragðsþjónustu í okkar samfélagi. Til að geta staðið undir þeirri þjónustu, kröfum og væntingum sem samfélagið þarfnast og á rétt á að sé til taks þegar á þarf að halda krefst þess að hlúð sé vel að starfseminni svo hún geti sinnt skyldum sínum.

Slökkvilið Norðurþings sinnir landfræðilega með stærri svæðum sem slökkvilið á Íslandi þurfa að sinna. Svæðið nær að Klambreseli í Reykjahverfi og austan Jökulsár á fjöllum að Biskupshálsi. Til norðurs er svæðið óslitið 130 km. norður fyrir Ormarsá við Raufarhöfn.

Slökkvilið Norðurþings hefur yfir að ráða um 60 slökkviliðsmönnum og rekur þrjár slökkvistöðvar á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Allar stöðvar liðsins eru vel útbúnar og hafa til umráða búnað og mannskap til að sinna verkefnum og útköllum sem sem orðið geta á hverju svæði fyrir sig. Stöðin á Húsavík er bakland þeirra og sendur er mannskapur og búnaður frá henni í stærri verkefni á starfssvæðum liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn ef þörf er á.

Þrjár fastir starfsmenn eru í fullu starfi hjá slökkviliði Norðurþings auk átta einstaklinga sem sinna bakvaktarskyldum á móti föstum starfsmönnum á öllum starfsstöðvum liðsins.

Rekstur liðsins hefur gengið vel undanfarin ár. Tekist hefur að auka sértekjur málaflokksins umtalsvert síðustu ár.

Slökkvilið Norðurþings sinnir í verktöku, samkvæmt samningi við HSN á Húsavík, mönnun allan sólarhringinn á öðrum sjúkrabílum sem staðsettur er á Húsavík auk afleysinga á dagtíma á hinum bílnum og hafa þau verkefni aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Vettvangsliðahópar á vegum liðsins eru á Kópaskeri og Raufarhöfn samkvæmt samkomulagi við HSN á Húsavík. Þeir sinna útköllum til aðstoðar við sjúkrabíla á svæðinu norðan Húsavíkur.

Slökkvilið Norðurþings sinnir viðbragðsþjónustu á iðnaðarsvæðinu á Bakka samkvæmt samningi við PCC BakkiSilicon og sjá starfsmenn liðsins um þjálfun starfsfólks fyrirtækisins m.a. í neyðarviðbrögðum, notkun handslökkvitækja, skyndihjálp og rýmingum.

Samstarfssamningar eru í gildi við slökkvilið Þingeyjarsveitar, slökkvilið Akureyrar og Langanesbyggðar um gagnkvæma aðstoð í stærri verkefnum og vegna skörunarsvæða liðanna s.b.r. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Slökkviliðsstjóri Norðurþings sinnir 20 % stöðugildi starfsmanns almannavarnanefndarinnar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra samkvæmt samningi þar um við sveitarfélögin ellefu sem að nefndinni standa.

Helgina 3.-5. febrúar var haldin almannavarnaráðstefna á Húsavík að frumkvæði Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Á ráðstefnuna var fulltrúum frá öllum viðbragðsaðilum boðið sem koma að stjórnun eða vinnu þeirra verkefna þegar almannavarnastig hefur verið virkjað í umdæminu. Fjöldi fróðlegra erinda voru á ráðstefnunni m.a. frá almannavarnadeild RLS, Lögreglunni á NL.EY, Landsbjörgu, Neyðarlíunni, Veðurstofu Íslands, Rauða krossinum og slökkviliðum í umdæminu.

Ráðstefnan tókst vel í alla staði og mikil ánægja með framtakið stefnt er að því að halda slíka ráðstefnu aftur í febrúar 2024.


Svæði almannavarnanefndarinnar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra nær frá Almenningsnöfum í vestri að Sandvíkurheiði við Vopnafjörð í austri og frá nyrsta odda landsins, Hraunhafnartanga á Melrakkaslétu, inn á Vatnajökul í suðri og hafa starfsmenn liðsins sinnt störfum í aðgerðar og vettvangsstjórnnum almannavarna þegar þær hafa verið virkjaðar á árinu vegna ýmissa verkefna.

Útkallsverkefni allra eininga liðsins hafa verið að aukast umtalsvert undanfarin ár en fækkaði þó lítillega á árinu. 365 útköllum var sinnt árið 2023 en þau voru 403 árið 2022. Sem er fækkun um 9,45 % á milli ára.

Útkallsverkefnum sem sinnt var á árinu 2023 skiptast með þessum hætti.


- Verkefni slökkviliðs þar sem um var að ræða útköll vegna elds, reykræstingar, brunaviðvörunarkerfa, eiturefnaleka, klippuvinnu eða upphreinsunar voru 26 á árinu, einu fleira en árið á undan.
- 316 útköllum vegna sjúkraflutninga var sinnt á árinu 2023 en þau voru 333 árið 2022. Af þessum fjölda sinntu dagvinnumenn slökkviliðs 161 verkefni á dagtíma og í 38 % tilfella voru 2 starfsmenn af þremur í útkalli á sama tíma.
- Vettvangsliðahópar liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn sinntu 23 útköllum á árinu 2023 sem er fækkun verkefna um 46,5 % á milli ára. Útköllin skiptust þannig á milli hópanna að vettvangsliðar á Kópaskeri sinntu 10 útköllum og vettvangsliðar á Raufarhöfn 13.

Útkallsverkefnum fækkar lítillega á milli ára og mestu munar um nærri helmingi færri útköll vettvangsliða en árið á undan og örlítið færri sjúkraflutnings verkefni en fjöldi verkefna slökkviliðs var örlítið meiri en árið 2022.




Þessi verkefni eru í greiddum útkallstímum 2.424 klst en virkur vinnutími í útköllum er 1.515 klst.


Unninn tími í útköllum ársins jafngildir 189,4 virkum átta tíma vinnudegi og miðað við útkallsfjölda ársins er því einhver starfsmaður liðsins að sinna 1,092 útkallsverkefni að meðaltali á hverjum virkum degi ársins.




Heildar útkalla fjöldi liðsins dróst saman um 9,45 % á milli árunna 2022 og 2023 en að meðaltali hefur aukningin verið rúmlega 23,72 % á milli ára síðustu 4 ár þar á undan.



Útköll eru flokkuð eftir alvarleika. F1 og F2 útköll, sem eru mestu forgangsútköllin og eru þau 39,54 % af öllum útköllum liðsins á árinu.



Fastir dagvinnu starfsmenn liðsins sinntu á dagtíma um 54 % þeirra útkalla sem voru á sjúkrahóla á árinu.



Útkallsverkefni liðsins dreifast misjafnt á mánuði en allar einingar liðsins sinna nánast einhverjum verkefnum í hverjum einasta mánuði á árinu.

Ýmis verkefni.

Slökkviliðið hefur skyldum að gegna í aðgerðastjórnun almannavarna í umdæminu samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82. frá 12.júní/2008 og verkefni sem sinna þurfti vegna þeirra starfa voru mörg á árinu. Aðgerðastjórnstöð almannavarna sem er staðsett í slökkvistöðinni var virkjuð nokkrum sinnum á árinu vegna ýmissa verkefna.

Talsvert var leitað eftir aðstoð liðsins á árinu vegna upphreinsunar þar sem spillfni höfðu farið niður.

Ástand brunahana í sveitarfélaginu er almennt gott, góður þrýstingur er á kerfinu og vatnsmagn flestra brunahana mjög gott. Allir brunahanar sveitarfélagsins eru prófaðir annað hvert ár bæði þrýstingsprófaðir og vatnsmældir. Niðurstöður úr þessum prófunum eru sendar Orkuveitu Húsavíkur sem sér um viðgerðir og skiptir út biluðum og ónýtum brunahönum.

WISS í Póllandi vinnur að smíði nýrrar slökkvibifreiðar fyrir Norðurþing sem boðin var út sl. ár og verður bifreiðin afhent í Reykjavík í lok apríl 2024 ef allt gengur eftir.

Slökkviliðsstjóri vann áhættu og áfallapóls greiningu fyrir sveitarfélagið í samræmi við 15. grein laga um almannavarnir nr. 82 / 2008. Markmið vinnunnar var að greina líkur á stóratburði í sveitarfélaginu og leggja mat á áfallapól og getuna til þess að vinna úr afleiðingum slíks atburðar. Skrifborðsæfing var haldin með lykilstjórnendum í sveitarfélaginu á æfingunni voru settar upp tvær sviðsmýndir af atburðum og unnið úr þeim.

Vettvangsliðabifreið á Kópaskeri var endurnýjuð á árinu og gamli bíllinn seldur sem kominn var á mikið viðhald.

Eldvarnareftirlit.

Eldvarnareftirlitið sinnti um 100 verkefnum á árinu og kláraði allar skoðanir samkvæmt útgefni skoðunaáætlun fyrir árið 2023. Auk skoðananna voru veittar umsagnir vegna leyfa, og yfirfarnar teikningar af mannvirkjum vegna byggingarleyfisumsókna. Eldvarnareftirlitið á starfssvæði liðsins er viðamikil og eru um 300 skoðanaskildir staðir á svæðinu sem suma þarf að skoða árlega, aðra annað hvert ár og enn aðra þriðja hvert ár og suma fjórða hvert. 85-90 % stöðugildi hjá liðinu fer í eldvarnareftirlitið sem er hluti lögboðinna verkefna sveitarfélagsins.

Reglubundið eldvarnareftirlit og eftirfylgni þeirra skoðana sem framkvæmdar eru á hverju ári hafa gríðarlega mikið forvarnargildi og stuðla að fækkun eldsvoða, heilsu og eignatjóns sem hlotist geta af eldsvoðum í þeim samfélögum þar sem eftirlitinu er sinnt sem skildi. Markmið SN er að sinna hér eftir sem hingað til eftirlitinu í samræmi við útgefna skoðunaráætlun hvers árs og lögbundnar skyldur sveitarfélagsins.

Skoðunaráætlun eldvarnareftirlitsins fyrir árið 2024 er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Æfingar.

Haldnar voru átta æfingar slökkviliðsins á árinu

Slökkviliðsmenn þurfa að uppfylla allt að 25 klst. æfingaskyldu á ári til að viðhalda starfsréttindum sínum. Auk þess þurfa reykafarar liðsins að undirgangast læknisskoðun árlega, standast þol og þrekpróf sem tekin eru í framhaldi hennar til að viðhalda reykköfunarréttindum, 12 slökkviliðsmenn liðsins uppfylla nú skilyrði til reykköfunar.

Æfing var haldin í gamla golfskálanum við Katlavöll þann 18. febrúar og var æfð reykköfun, vatnsöflun og slökkvistörf og skálinn síðan brenndur niður.

Fjórar æfingar voru haldnar á æfingasvæði liðsins á árinu á þeim voru æfðar reykköfun, klippivinna, vatnsöflun og viðbrögð við eiturefnaleka.

Haldnar voru þrjár klippuæfingar á árinu á öllum stöðvum liðsins.

Liðið tók einnig þátt í flugslysæfingu sem haldin var á Húsavíkflugvelli laugardaginn 30. september sl.

Landhelgisgæslan óskaði eftir því að fá að nýta æfingasvæði liðsins til æfinga fyrir áhafnir varðskipa og komu skipverjar á Freyju og æfðu reykköfun undir handleiðslu starfsmanna liðsins í heilan dag um miðjan apríl.

Námskeið.

- Haldið var námskeið fyrir eldvarnareftirlitsmenn á vegum Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar. Einn starfsmaður liðsins sat námskeiðið og hefur lokið tveimur hlutum námsins af þremur.
- Haldið var á Kópaskeri og Raufarhöfn námskeið III sem er námskeið í notkun klippibúnaðar til björgunar á fastklemmdu fólki.
- Tveir einstaklingar stunduðu framhaldsnám í sjúkraflutningum á vegum liðsins á árinu.
- Einn starfsmaður liðsins lauk grunnnámi sjúkraflutninga á árinu.
- Sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar á vegum liðsins sóttu endurmenntun í sérhæfðri endurlífgun barna og fullorðinna á árinu.
- Menntaðir voru 3 vettvangsliðar á Raufarhöfn.
- Haldin voru 10 námskeið fyrir starfsfólk PCC á Bakka í skyndihjálpi, slökkvitækjanotkun og neyðarviðbrögðum á árinu.
- Starfsfólk og íbúar Sólbrekku 28 fengu eldvarnarfræðslu og kennslu í notkun handslökkvitækja.

Heimsóknir.

- Gestir almannavarna ráðstefnunnar sem haldin var á Húsavík í byrjun febrúar komu og skoðuðu slökkvistöðina.
- Í tilefni 112 dagsins var farið með öðrum viðbragðsaðilum í leikskólann Grænuvelli og Borgarhólsskóla þar sem búnaður allra var sýndur. Að þessu sinni var farið föstudaginn 10. febrúar þar sem dagurinn hitti á laugardag.
- Slökkviliðsmenn frá Grenivík, Akureyri og úr Fjarðabyggð komu í heimsókn og skoðuðu stöðina og aðstöðu hennar ásamt því að nýta æfingasvæði liðsins.
- Fulltrúar Arctic fire and Rescue sem eru samtök viðbragðsaðila á norðurlöndum komu í heimsókn og kynntu sér aðstöðu liðsins. Þessir viðbragðsaðilar sinna björgunarverkefnum á norðurlöndum.
- Áhöfn þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar lenti á planinu við stöðina og kom í heimsókn.
- Eldvarnarvika var í byrjun desember og fóru slökkviliðsmenn í grunnskóla sveitarfélagsins með fræðslu og getraun fyrir nemendur 3ja bekkjar.

Vonandi þurfum við sem minnst að nýta starfsemina í neyðarviðbrögðum á komandi árum en tel okkur öll vilja geta treyst á að viðbragðið sé til staðar og í lagi ef samfélagið okkar þarf á því að halda.

Grímur Kárason
Slökkviliðsstjóri Norðurþings